

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2025, mánudaginn 23. júní var haldinn 329. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:01. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason, Einar S. Hálfðánarson, Sigrún Guðmundsdóttir og Sunna Jóhannsdóttir. Einnig tók sæti á fundinum Ingunn Ólafsdóttir, starfandi innri endurskoðandi.

Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram til kynningar drög að trúnaðarmerktu rekstraruppgjöri A hluta Reykjavíkurborgar janúar – mars 2025, ásamt trúnaðarmerktri greinargerð, dags. 26. júní 2025.

Halldóra Káradóttir, Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, Jónas Skúlason og Þorgerður Fjóla Hreinsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið. IER25010013

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd hefur fengið kynningu á rekstraruppgjöri A hluta Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025. Endurskoðunarnefnd þakkar greinargóða kynningu og telur að rekstraruppgjörið sé tilbúið til framlagningar í borgarráði.

2. Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum eftirfylgnikönnunar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á áhættustjórnun Orkuveitunnar, dags. 20.05.2025.

Ingunn Ólafsdóttir og Stefán Viðar Grétarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. IER24080024

3. Fram fer umræða um ráðningarmál innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. IER25030010

- Klukkan 11:40 víkur Einar S Hálfðánarson af fundi.

Frestað.

4. Lagðar fram niðurstöður sjálfsmats endurskoðunarnefndar 2025 ásamt fylgibréfi starfandi innri endurskoðanda.

Ingunn Ólafsdóttir og Guðjón Hlynur Guðmundsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. IER25050006

Fundi slitið kl. 12:13

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir

Sunna Jóhannsdóttir